

REYKJAVÍKUR **A**KADEMÍAN

2014



Nýir tímar

Skýrsla

**Sesselju G. Magnúsdóttur framkvæmdastjóra
um starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar ses
árið 2014**

Inngangur

ReykjavíkurAkademían ses (RA) er sjálfseignarstofnun sem byggir á grunni Félags ReykjavíkurAkademíunnar sem er félag sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi. Stofnunin er í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og félagsleg miðja sjálfstæðra rannsókna. Alls eru 35 fræðimenn starfandi innan hennar vébanda í dag.

Árið 2014, sem var sautjándi starfsár ReykjavíkurAkademíunnar var ár breytinga hjá RA. Strax í upphafi árs var ljóst að dagar ReykjavíkurAkademíunnar í JL-húsinu væru taldir og fór seinni hluti ársins í að finna nýtt húsnæði og flytja allar starfsstöðvarnar í húsinu sem og bókasafnið í nýtt húsnæði að Þórunnartúni 2. Allt gekk þetta farsælega fyrir sig og 1. nóvember hófst formlega hið nýja líf á nýjum stað. Breytingar urðu einnig í brúnni á árinu. Í byrjun september fór Sólveig Ólafsdóttir framkvæmdastjóri í leyfi en hafði áður landað þriggja ára þjónustusamningi RA við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Við tók Sesselja G. Magnúsdóttir sem ráðinn hafði verið starfsmaður RannsóknarSmiðju RA (RaRA) í upphafi árs 2014 og kom það í hennar verkahring að stýra húsnæðisleit og flutningum seinni hluta ársins. Með ráðningu starfsmanns í 50% starf var RaRA fest í sessi og mun það auka möguleika á styrkingu innra starfs Akademíunnar.

Í maí var haldið málþing um leigumarkaðinn á Íslandi byggt á styrktarsamningnum við Reykjavíkurborg. Málþingin undir merkjum H-21, Hugmyndir 21. aldarinnar, voru á sínum stað auk viðburða í samvinnu við ýmis félagsamtök. Umsýsla vegna rannsóknarverkefna var þó nokkur á árinu eins og undanfarin ár og fengu 5 fræðimenn greidd verktakalaun vegna rannsóknarverkefna í umsjá RA auk þess sem nokkuð var um verktakagreiðslur til fræðimanna vegna ýmissa þjónustuverkefna stórra sem smárra.

Ásamt Listaháskóla Íslands verður RA ses samstarfsaðili að alþjóðlegri dansfræðaráðstefnu á vegum NOFOD, Nordisk forum for danseforskning, sem haldin verður vorið 2015 í húsakynnum LHÍ við Sölvhólsgötu. Er það ekki síst utanumhald um styrki sem RA leggur þar fram.

Það er því viðburðaríkt ár að baki hjá ReykjavíkurAkademíunni en ekki er síður spennandi starf framundan við að skapa RA farsæla framtíð í nýju umhverfi, byggða á rekstrarlegri endurskipulagningu og faglegri stefnumótun síðustu ára.

Stjórn RA ses og stjórnarfundir

Stjórn RA ses fundaði formlega alls átta sinnum á árinu auk þess sem stjórn var haldið upplýstri um gang mála í samningaviðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem og húsnæðismálin í gegnum tölvupósta. Stjórnarmenn hafa ávallt tekið beinan þátt í stefnumótun og eftirfylgni hennar og á árinu stóð stjórnin þétt að baki báðum framkvæmdastjórnunum í vandasömum ákvörðunum og framkvæmdum sem upp komu.

Ný stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses var kjörin á aðalfundi Félags ReykjavíkurAkademíunnar 30. apríl 2013.

Stjórnina skipa:

- Dr. Davíð Ólafsson sagnfræðingur, formaður
- Dr. Ingimar Einarsson félags- og stjórn málafræðingur, varaformaður
- Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur
- Dr. Íris Ellenberger sagnfræðingur
- Sesselja G. Magnúsdóttir dansfræðingur
- Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og doktorsnemi
- Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafræðingur

Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses fyrstu 8 mánuðina var Sólveig Ólafsdóttir sagn- og menningarstjórnunarfræðingur og var það hennar fjórða starfsár en 4 síðustu mánuðina var Sesselja G. Magnúsdóttir sagn- og dansfræðingur starfandi framkvæmdastjóri.

Daglegur rekstur RA og starfsfólk

Daglegur rekstur RA á árinu 2014 var í góðu jafnvægi. Rekstrarumsýsla rannsóknarverkefna, málþinga og funda var á höndum verkefnastjóra og starfsfólks RA sem fjölgaði hafði um einn við ráðningu starfsmanns til RannsóknarSmiðjunnar.

Inn í þjónustuver RA var bætt ýmsum tækjum og tólum til sameiginlegra nota fyrir akademóna auk þess sem Ólafur Hrafn hélt áfram að sinna ýmsum viðvikum fyrir þá innan ramma þjónustuversins.

Rekstur

Daglegur rekstur stofnunarinnar var í jafnvægi árið 2014 eins og árin á undan en kostnaður við flutningana gerði að eigið fé stofnunarinnar lækkaði um helming. Alls námu rekstrartekjur RA

rúmri 61 milljón á árinu 2014 en höfðu verið tæpar 59 milljónir árið 2013. Munurinn skýrist að mestu af fleiri rannsóknarstyrkjum en árið á undan. Rekstrargjöld ársins hækkuðu einnig á milli ára úr rúmum 57,5 milljónum á árinu 2013 í rúmar 66 milljónir. Ástæður hækkunar rekstrargjalda eru einkum tvær. Annars vegar kostnaður vegna flutninga upp á rúmar 5,3 milljónir og hins vegar hækkun launaliðs vegna ráðningar nýs starfsmanns í RannsóknarSmiðjuna. Eigið fé stofnunarinnar nam rúmum 10 milljónum í árslok 2013 en var komið niður í tæpar 5 milljónir í árslok 2014 og er munurinn sá kostnaður sem fylgdi flutningunum. Heildartap af rekstri RA ses nam kr. 5,1 milljón á árinu 2014 en var kr. 1,5 milljón á árinu 2013. Ef flutningskostnaðurinn er, aftur á móti, dreginn frá var hagnaður upp á 220.000.- . Eins og áður segir er daglegur rekstur RA-ses því í jafnvægi en það verður verkefni framkvæmdastjóra og nýrrar stjórnar að leita leiða við að hafa upp í þann kostnað sem flutningunum fylgdi og styrkja aftur eigið fé stofnunarinnar. Greidd laun árið 2014 voru 22,6 milljónir en voru 21,3 milljón árið 2013. Breytingar á launakostnaði tengjast auknu starfshlutfalli innan stofnunarinnar vegna RaRA og breytinga á launakostnaði tengdum rannsóknarverkefnum.

Allir daglegir rekstrarþættir stóðu undir sér á árinu, þ.e. rekstur húsnæðis, rekstur skrifstofu og bókhalds og þjónustuværs. Rekstur Bókasafns Dagsbrúnar er þó alveg á mörkunum að standa undir sér og nú eftir að í nýtt húsnæði er komið verður að endurskoða rekstrargrunn safnsins. Samningar við Dagsbrún losnuðu um áramótin 2014-15 og eru viðræður þegar hafnar um nýjan samning. Ekki er gert ráð fyrir öðru en að slíkur samningur náist farsællega.

ReykjavíkurAkademían nýtir sér eigin facebook-síðu til auglýsinga og kynningar meðfram hefðbundnum auglýsingum á heimasíðu og á póstlistum og lögð er áhersla á að taka upp og birta opinberlega fyrirlestra og umræður á fundum og málþingum sem haldin eru á vegum RA.

Starfsfólk

Á meðan húsnæðisleit og flutningar stóðu sem hæst nýtti Davíð Ólafsson stjórnarformaður RA ses heimild í tvo mánuði til þóknunar sem nemur 20% af launum framkvæmdastjóra. Stjórn RA ses samþykkti einnig 25.9. (sjá tölvupósta) að veita Ingimar Einarssyni formanni stjórnar félags RA samsvarandi heimild til þóknunnar enda mæddi ekki síður mikið á honum í skipulagningu flutninganna. Hann kaus að þiggja þau laun sem verktakagreiðslu.

Sólveig Ólafsdóttir hóf sitt fjórða starfsár sem framkvæmdastjóri RA ses í fullu starfi á aðalfundi 2013. Störf hennar fólust í daglegum rekstri RA, samningagerð við Reykjavíkurborg og mennta- og menningarmálaráðuneytið, stefnumótunarvinnu fyrir stjórn RA ses og umsjón og eftirlit með allri umsýslu rannsóknarverkefna RA. Stærstu einstöku verkefni á árinu voru lokavinna við

gerð þriggja ára styrktarsamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í febrúar 2014 og vinna við húsnæðismál ReykjavíkurAkademíuna en óvíst var hvað yrði þegar tímabundnum húsaleigusamningi við Landsbankann lyki í lok apríl.

Sesselja G. Magnúsdóttir var ráðin var til starfa í byrjun árs til að halda utan um verkefni tengd RannsóknarSmiðjunni. Starfið á árinu fólst í að halda utan um H21 málþingin, stýra þjónustu við fræðimenn innanhúss sem unnu að styrkjaumsóknum á vormánuðum og áframhaldandi mótun á starfi RaRA (RannsóknarSmiðju RA). Hún kom einnig að skipulagi Málþings um leigumarkaðinn sem haldið var í samstarfi við Reykjavíkurborg en Jón Rúnar Sveinsson var verkefnisstjóri þess viðburðar. Í byrjun september var Sesselja beðin um að leysa framkvæmdastjóra RA af í veikindaleyfi. Gert var ráð fyrir í upphafi að eingöngu yrði um mánuð að ræða en niðurstaðan varð sú að Sesselja sat út árið. Þegar hún settist í framkvæmdastjórastólinn var ljóst að samningar við nýja eigendur að fjórðu og fimmtu hæðinni um áframhaldandi veru RA í JL húsinu yrðu erfiðir ef mögulegir (og hugsanlega ekki þess virði) svo farið var að leita að húsnæði annarsstaðar. Það kom því í hlut Sesselju að stýra leit að nýju húsnæði, samningsgerð við nýjan leigusala og framkvæmd flutninganna sjálfra með dyggum stuðningi Davíðs Ólafssonar stjórnarformanns og Ingimars Einarssonar varaformanns sesins, að ógleymdum Ólafi Hrafn. Sesselja kom að samningsgerð við Reykjavíkurborg ásamt Davíð Ólafssyni fyrir árið 2015 sem og samningum við Eflingu varðandi áframhaldandi varðveislu Bókasafns Dagsbrúnar innan RA og hvernig flutningum bókasafnsins skyldi háttað.

Ólafur Hrafn Júlíusson rótari og hægri hönd RA var í fullu starfi allt árið 2014. Störf hans fyrir RA og akademóna voru að venju mörg og margvísleg. Jafnframt því að hafa umsjón með húsnæði RA gagnvart leigjendum, öllum utanaðkomandi viðburðum í húsnæði RA, skrifstofuhaldi og fjármálum sá Ólafur Hrafn um þjónustuver RA. Á haustmánuðum fór stór partur af vinnutíma Ólafs Hrafns eins og annarra starfsmanna RA í flutningana.

Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafnsfræðingur á Bókasafni Dagsbrúnar sinnir meðfram störfum sínum við bókasafnið starfi netstjóra og hefur umsjón með heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar. Einnig hefur hún sinnt verkefnastjórn vegna viðburða innan RA.

Helga Hanna Sigurðardóttir er bókari RA í hlutastarfi. Í góðu samstarfi við Ólaf Hrafn hefur hún haldið farsællega utan um bókhaldið.

Húsnæðismál

Langþráð kyrrð ríkti í húsnæðismálum RA árið 2013. Húsaleigusamningur sem var undirritaður við Landsbankann í byrjun maí 2012 var bæði tímabundinn og óuppsegjanlegur til 30. apríl 2014 og ótímabundinn eftir það með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. En Adam var ekki lengi í Paradís því 2013 seldi Landsbankinn húsnæðið og RA eignaðist því nýjan leigusala,

Álftaver ehf. Strax þann 1. maí 2014 barst uppsagnarbréf frá nýju eigendunum sem þýddi að Akademían myndi missa húsnæðið 6 mánuðum seinna eða frá 1. nóvember 2014. Áform Álftavers ehf. með kaupum á eigninni voru að byggja þar hostel en ekki halda áfram útleigu hennar. Eftir nokkrar umræður við eigendur var ljóst að RA gæti verið eitthvað áfram í húsinu en þá með tímabundinn samning til styttri tíma og mikla hækkun á leigu. Húsnæði RA í JL húsinu var, eins og kunnugt er, komið til ára sinna og þarfnaðist töluverðs viðhalds og endurbóta. Út frá þessum forsendum var ákveðið að leita að nýju framtíðarhúsnæði fyrir stofnunina. Sest var niður við útreikninga á hversu dýrt það húsnæði mætti vera, hversu stórt og hvaða staðsetning kæmi til greina. Nokkrir möguleikar komu upp, svo sem landlæknishúsið á Seltjarnarnesi og skrifstofuhúsnæði í Vatnagörðum, Ármúla og Þórunnartúni. Niðurstaðan af leitinni var að 1. október var undirritaður leigusamningur til 10 ára við BE eignir ehf um leigu á allri 2. hæð hússins að Þórunnartúni 2 og um það bil einum þriðja af fjórðu hæð þess, en það húsnæði var hugsað fyrir Bókasafn Dagsbrúnar. Október fór síðan í að flytja allt og alla á milli staða.

Framleigunýting í JL húsinu var nokkuð góð á árinu eins og undanfarin ár. Sama má segja um framleiguna í Þórunnartúni en nánast allir þeir sem voru í húsi þegar flutningar fóru fram fluttu með á nýja staðinn. Það var ánægjulegt hvað náðist mikil sátt um val á húsnæði og stuðningur akademóna við stjórnendur og almenn jákvæðni gerði þetta stóra skref í sögu ReykjavíkurAkademíunnar að spennandi skrefi inn í nýja framtíð.

Flutningsferlið gekk í alla staði fljótt og vel fyrir sig. RA fékk húsnæðið í Þórunnartúni afhent strax 1. október svo að stefnt var að því að vera komin út úr JL húsinu 31. október þegar leigusamningurinn rynni út. Það var líka tekin sú ákvörðun að flytja Akademíuna eins og um stofnun væri að ræða en ekki samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna þar sem hver og einn sæi um sína flutninga sjálfur. Því féll allur kostnaður af flutningunum á RA ses en ekki á einstaka fræðimenn. Leitað var tilboða í flutningana og varð fyrirtækið Propack fyrir valinu og tók það að sér að flytja allar starfsstöðvar í húsinu inn í réttar skrifstofur í Þórunnartúninu, bæði húsgögn og bækur og voru flutningskassar innifaldir í tilboðinu. Verkefni innanhússfólks var aftur á móti að hver skyldi pakka sínu dóti og merkja kassana með númeri nýju skrifstofunnar. Dagarnir 23. og 24. október voru síðan formlegir flutningsdagar. Á næstu mánuðum vann fólk að því að koma sér fyrir svo allt yrði komið í samt lag í janúar 2015 þegar áætlað var að halda innflutningsboð.

Styrktarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Í upphafi árs var skrifað undir 3ja ára styrktarsamning mennta- og menningarmálaráðuneytisins við RA sem gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016. Eins og í fyrri samningi er tekið

fram að ReykjavíkurAkademían er rannsóknarstofnun og nýsköpunarmiðstöð í menningar-, hug- og félagsvísindum sem veitir vísindamönnum í sjálfstæðum, fjölfaglegum rannsóknum starfsaðstöðu og rannsóknþjónustu. Meginmarkmið hins nýja samnings er að efla formlegan vettvang fyrir sjálfstæðar rannsóknir og nýsköpun með rekstri öflugrar rannsóknarstofnunar og menningarmiðstöðvar. Sérstök áhersla var lögð á að veita háskólastúdentum í framhaldsnámi héraðs sem erlendis aðstoð og aðstöðu eftir föngum og einnig að veita samstarfsfélögum RA ráðgjöf og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, rekstur rannsóknaverkefna og samstarfsmöguleika við fræðimenn innanlands sem utan. RA stendur fyrir fyrirlestrum, málþingum og umræðufundum sem tengjast rannsóknaverkefnum fræðimanna og stúdenta innan RA. Stofnunin skapar líka vettvang til að virkja og tengja saman þann mannafla sem stundar sjálfstæðar rannsóknir og hvetja til fjölfaglegs samstarfs milli einstaklinga, félagsamtaka, fyrirtækja, þekkingarsetra, háskóla, annarra mennta-, menningar- og fræðastofnana innanlands sem utan og stuðla að fræðilegri og gagnrýninni samfélagsumræðu.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Hinn 30. október 2014 var undirritaður þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og RA ses. Mikilvægasta samningsatriðið var að stór hluti styrksins var eyrnamerkur málþingi í samstarfi RA og borgarinnar sem haldið yrði á árinu um málefni sem tengdist báðum aðilum. Í maí 2014 var haldið þess konar málþing um leigumarkaðinn á Íslandi. Það heppnaðist mjög vel og var ákveðið að festa þess konar viðburð í sessi. Auk aðkomu RA að þessu einstaka verkefni sinntu akademónar og framkvæmdastjóri RA ýmsum verkefnum, stórum sem smáum, fyrir Reykjavíkurborg á grundvelli samningsins.

Reykjavíkurborg hefur verið einn af tryggustu bakhjörllum RA frá upphafi. Fyrsti opinberi styrkurinn sem RA hlaut, kom frá Reykjavíkurborg og þjónustusamningar milli þessara tveggja aðila hafa verið í gildi svo til allan starfsferil Akademíunnar.

RannsóknarSmiðja RA

Starfsmaður: Sesselja G. Magnúsdóttir

Hugmyndin að baki RannsóknarSmiðju ReykjavíkurAkademíunnar er að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA. ReykjavíkurAkademían hefur frá stofnun árið 1997 hýst margvíslega starfsemi sem flokkast undir fræði- og menningarstarfsemi í víðri merkingu, m.a. ritun fræðiefnis fyrir almenning, ritun fagurbókmennta, samningu kennsluefnis, þýðingar fræðiefnis og fagurbókmennta, heimildamyndagerð, ritstjórn, prófarkalestur, bókaútgáfu, sýningahönnun, umfangsmikið ráðstefnuhald og svo mætti lengi telja. Jafnframt hafa fræðimenn

innan RA stundað kennslu á ólíkum skólastigum, ekki síst stundakennslu á háskólastigi. Fræðilegar grunnrannsóknir innan ólíkra greina félags- og hugvísinda hafa allan þann tíma verið mikilvæg kjölfesta í starfseminni. Á því sviði hafa starfað nemandar í meistara- og doktorsnámi, nýdoktorar og reyndir fræðimenn, margir með doktorspróf í sínu fagi og áralanga reynslu af rannsóknum.

RannsóknarSmiðja RA mun fyrst um sinn þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna. Auk stuðnings og handleiðslu við umsóknagerð einstaklinga og hópa og eftir þörfum fjárhagslega og rekstrarlega umsýslu með rannsóknaverkefnum sem hlotið hafa styrk, geta fræðimenn leitað til RannsóknarSmiðjunnar um stuðning vegna skipulags málþinga og ráðstefna.

RA-veitur

RA-veitur er yfirheiti yfir hverskonar fræðilega hittinga sem eiga sér stað innan ReykjavíkurAkademíunnar og miða að því að auðga fræðileg tengsl og samræðu innan Akademíunnar og í tengslum við fræðaheiminn. Gert er ráð fyrir að hér sé um sjálfsprottin verkefni að ræða af hálfu demóna sem sendi síðan stutta greinargerð um viðburðinn – málstofu, lesfund eða hvað það nú er sem fólki dettur í hug – til RannsóknarSmiðjunnar eftir að viðburði lýkur. Árið 2014 eru engir slíkir viðburðir skráðir hjá RannsóknarSmiðjunni nema „Eftirfylgni H21“ sem stjórnað er af starfsmanni RaRA.

Eftirfylgni H-21

Árið 2013 var ákveðið að kalla saman þá sem talað hafa á H21 málþingunum frá upphafi á fund með það í huga að stofna fræðilegan leshóp sem héldi við tengslum á milli þeirra sem tekið hafa þátt og héldi fræðilegri umræðu lifandi innan hópsins. Þrjár fundir voru síðan haldnir í byrjun árs 2014 en áætlað var að þeir væru haldnir einu sinni í mánuði að morgni til, 21. hvers mánaðar. Þegar leið á kom í ljós að annríki fólks innan hópsins var slíkt að það sá sér ekki fært að mæta og þegar haustið gekk í garð hafði framkvæmdastjórstaðan yfirtekið starfstíma starfsmanns RaRA sem hélt utan um fundina. Reynsla af fundunum var samt góð og vert að halda þessum viðburðum gangandi þó að eitthvað verði að skoða fyrirkomulagið.

Styrkumsóknir

Vorin eru tími styrkumsókna og fara demónar ekki varhluta af því. Eins og árið áður sóttu akademónar um í Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna, starfsstyrki Hagþenkis,

Tónlistarsjóð og rannsóknarsjóði Rannís auk annarra styrkja eins og Erasmus+ áætlunina. Starfsmaður RannsóknarSmiðjunnar lagði sig fram um að hvetja og reka fólk áfram í umsóknarvinnunni auk þess að lesa yfir og styðja umsækjendur á hvern þann hátt sem þurfa þótti. Hildigunnur Ólafsdóttir bauð einnig fram þekkingu sína og reynslu í styrkjamálum og las yfir nokkrar umsóknir sem var mikill styrkur. Heimtur af styrkjum voru nokkuð góðar ekki síst úr Starfslaunasjóðnum sem boðar betri tíð fyrir þá sem vilja vinna sjálfstætt að fræðunum.

Starfsmaður RaRA kynnti sér einnig fleiri styrkjamöguleika upp á framtíðina að gera, meðal annars Horizon 2020 án þess að nokkuð væri gert í því þetta árið.

Ráðstefnur

Í byrjun árs 2014 barst RA ses beiðni frá Íslenska dansfræðafélaginu (NOFOD á Íslandi) um samstarf vegna alþjóðlegrar dansfræðaráðstefnu vorið 2015. Dansfræðafélagið var þá þegar komið í samstarf við sviðslistadeild Listaháskóla Íslands um húsnæði fyrir ráðstefnuna og tæknilega aðstoð en þarfnæðist viðurkenndrar stofnunar á bak við sig til að halda utan um fjármál ráðstefnunnar. Gert var ráð fyrir því í samkomulaginu að RA ses fengi sem nemur 10% „overhead“ af þeim styrkjum sem fengjust í viðburðinn. Vonast er til að vinnan við ráðstefnuna eigi einnig eftir að skila sér sem þekking inn í starfssemi RA ses sem nýtast mun í samskonar verkefni í framtíðinni.

Bókasafn Dagsbrúnar

Bókasafn Dagsbrúnar er í eigu Eflingar stéttarfélags og er til húsa hjá ReykjavíkurAkademíunni að Þórunnartúni 2 í Reykjavík. Safnið er sérfræðisafn á sviði atvinnulífsrannsókna og verkálýðsmála ásamt því að vera handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna.

Starfsmenn safnsins árið 2014 voru Anna Jensdóttir bókasafnsfræðingur, Guðný Kristín Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur og Ian Watson félagsfræðingur.

Í árslok 2014 voru 8.947 titlar skráðir í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, og eru það samtals 12.580 eintök. Til samanburðar má geta að árið 2013 voru 8.859 titlar og 12.455 eintök skráð í Gegni.

Eintakafjöldi eftir efnistegund í árslok 2013

<i>Safn og efnistegund</i>	<i>Kóði teg.</i>	<i>Eintök</i>
Bók	BOOK	9.766
Handrit	MANUS	4
Innb. Tímarit	ISSBD	1.429
Kort	MAP	1
Myndband	VIDEO	3
Mynddiskur	DVD	2
Nótur	MUSIC	2
Tímaritshefti	ISSUE	1.373

Samtals: 12.580

Aðsókn að safninu hefur verið með ágætum og hefur það verið vel nýtt af félagsmönnum ReykjavíkurAkademíunnar. Haldið hefur verið áfram að kynna safnið, m.a. með facebook-síðu safnsins þar sem auglýst eru til sölu tvítök úr safnkostinum sem hefur vakið mikla athygli. Eins hefur bóksölu safnsins verið haldið áfrxam inn á Biblio.com.

Starfssemi

Bókasafn Dagsbrúnar hefur haldið áfram að auka opinn aðgang að íslenskum bókum. Þetta er í samræmi við eitt af markmiðum safnsins, að bæta og auka þjónustu við almenning og auka og auðvelda aðgang að upplýsingum, í samræmi við markmið og gildi Eflingar.

Bókasafnið heldur áfram áttakinu að koma íslenskum bókum frá 20. öld í opinn aðgang – sérstaklega fræðibókum sem gefnar hafa verið út án væntinga um gróða. Bækurnar hafa verið skannaðar inn á rafrænt form og eru aðgengilegar án endurgjalds á vefsíðu Hathi Trust, sem er samstarf háskólabókasafna í Ameríku. Starfsmenn hafa aðstoðað höfunda við að fá bækur skannaðar, hafi þær ekki verið það þá þegar, og birta í opnum aðgangi.

Starfsfólk Bókasafns Dagsbrúnar hefur haldið áfram þeirri vinnu að koma þeim bókum í opinn aðgang sem þegar hafa verið skannaðar inn hjá Hathi Trust en eru ekki komnar í opinn aðgang. Verkefnið hefur falist í að hafa samband við höfunda þessara bóka og aðstoða þá við að senda inn þar til gert eyðublað þar sem höfundur gefur leyfi fyrir því að bókin sé sett í opinn aðgang. Nokkrir höfundar hafa haft samband að fyrra bragði og beðið um þessa aðstoð.

Lokið hefur verið við að tengja megnið af bókunum í opnum aðgangi hjá Hathi Trust sem eru frá því fyrir 1873 inn í Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Þetta er gert með það í huga að auðvelda aðgang notenda íslenskra bókasafna að rafrænum eintökum þessara verka og spara sér þannig bæði vinnu og fyrirhöfn.

Flutningar

Þegar ljóst var orðið í upphafi hausts að ReykjavíkurAkademían væri að flytja úr JL húsinu og í nýtt húsnæði var gengið frá samkomulagi við Eflingu þess efnis að Bókasafn Dagsbrúnar flytti með. Húsnæðisleit RA gekk síðan tiltölulega fljótt fyrir sig og 1. október hafði verið skrifað undir leigusamning við BE eignir ehf um húsnæði í Þórunnartúni 2 þar sem bóksafninu var ætluð aðstaða á fjórðu hæð hússins á meðan ReykjavíkurAkademían sjálf fékk aðra hæðina til yfirráða. Minniháttar breytingar þurfti að gera á húsnæðinu til að koma safninu fyrir sem fólust fyrst og fremst í því að fjarlægja einn vegg. Þar með hófst enn eitt flutningsátakið í sögu Bókasafns Dagsbrúnar og var vanur maður, Ingi Ingason, fenginn í þann gjörning. Það að flytja bókasafn er meira en eins manns verk og eftir undirbúningsvinnu starfsmanna bókasafnsins, Guðnýjar Kristínar Bjarnardóttur, Önnu Jensdóttur og Ians Watson mætti Þráinn Hallgrímsson skrifstofustjóri Eflingar með vaskan hóp starfsmanna frá Eflingu í JL húsið mánudaginn 27. október og tók til við að pakka öllu niður. Tveim dögum síðar var allt klárt í kössum og Ingi mættur með flutningamenn. Þegar nóvember gekk í garð voru allir kassar komnir í hús í Þórunnartúni og hillur komnar á sinn stað. Flutningsferlið gekk því hratt og vel fyrir sig. Næstu vikurnar unnu Guðný, Anna og Ian svo af alúð við að koma safninu fyrir á nýja staðnum og 21. janúar 2015, í innflutningsboði ReykjavíkurAkademíunnar, var allt komið á sinn stað og ótrúlegt að sjá hvað safnkosturinn rúmaðist vel.

Hinn árlegi Dagsbrúnarfyrirlestur var síðan haldinn 12. nóvember í nýjum húsakynnum og að þessu sinni var það Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur sem kynnti rit sitt *Saga Alþýðusambands Íslands*.

Sjá <http://bokasafndagsbrunar.is/>

Helstu rannsóknarverkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Prentsmiðja fólksins og Reading and Writing From Below

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er dr. Davíð Ólafsson.

Á árinu 2014 var fram haldið tveimur stórum rannsóknarverkefnum sem fræðimenn innan RA tóku þátt í og var fjárhagsleg umsýsla þeirra, að hluta eða öllu leyti, í höndum skrifstofu RA.

Árið 2014 var þriðja af þremur starfsárum rannsóknarverkefnisins *Prentsmiðja fólksins: Handrita- og bókmenning síðari alda* sem fjármagnað er úr Rannsóknarsjóði 2012-2014. Davíð Ólafsson og Clarence Glad unnu að sínum hluta rannsóknarverkefnisins á árinu auk fjögurra annarra fræðimanna sem tengdir eru Stofnunum Árna Magnússonar á Íslandi og í Danmörku,

Þjóðminjasafni Íslands og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Jafnframt sinnti Davíð ásamt Matthew Driscoll hlutverki verkefnisstjóra við rannsóknaverkefnið.

Davíð Ólafsson er jafnframt þátttakandi og meðstjórnandi í fjölþjóðlegu samstarfsverkefni, *Reading and writing from below: Towards a new social history of literacy in the Nordic sphere during the long nineteenth century*, sem fjármagnað er af NORDCORP áætlun norrænu rannsóknarsjóðanna á sviði hug- og félagsvísinda (NOS HS) 2011-2014. Nokkrir af íslensku þátttakendum verkefnisins tóku þátt í viðburðum, m.a. fjölþjóðlegri ráðstefnu, *Reading and Writing from Below: Exploring the Margins of Modernity*, í Helsinki 20.–22. ágúst 2014

Rannsóknarnet um menningarlega sjálfbærni og þátt menningar í sjálfbærri þróun – COST
(European Cooperation in Science and Technology)

Verkefnisstjórar fyrir hönd RA: dr. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson

ReykjavíkurAkademían hýsir COST verkefnið fyrir Íslands hönd. Gunnþóra Ólafsdóttir og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni voru tilnefnd af Rannís til að sitja í alþjóðlegri framkvæmdanefnd verkefnisins. Auk þeirra er Sólveig Ólafsdóttir virkur þátttakandi í verkefninu.

Ein meginafurð verkefnisins verður ritröð bóka um menningarlega sjálfbærni og hefur sú vinna þokast bætilega áleiðis. Viðar mun rita menningarsögulega grein í bók sem hefur vinnuheitid „Culture, sustainability and the environmental realm“ og er stefnt að útgáfu árið 2016.

Nánari upplýsingar um COST verkefnið *IS 1007 Investigating Cultural Sustainability* er að finna á vefsíðu rannsóknansins <http://www.culturalsustainability.eu/>

Stafrænar sögur

Verkefnisstjóri: Salvör Aradóttir.

Starfsemi verkefnisins Stafrænar sögur í RA lá frekar í láginni árið 2014. Aðstandendur verkefnisins lögðu áherslu á að vinna úr fenginni reynslu og velta fyrir sér hvert skuli haldið. Á vormánuðum 2014 var sótt um styrk hjá Erasmus+ áætluninni. Annars vegar var sótt um styrk fyrir aðstandendur verkefnisins til að kynna sér nánar notkun stafrænnar tækni í fullorðinsfræðslu og hins vegar var sótt um ferðastyrk fyrir verkefnisstjóran til að kynna sér reynslu háskólastofnana í Bretlandi af stafrænni sagnagerð í fræðilegu samhengi. Ferðastyrkurinn til Bretlands kom í hús en ekki var búið að nýta hann í árslok.

Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðmenning

Verkefnisstjórar á vegum RA eru: Clarence E. Glad og Gylfi Gunnlaugsson

Hér eru um þriggja ára alþjóðlegt rannsóknarverkefni að ræða þar sem störf þeirra íslensku fræðimanna sem fengust við útgáfu á og skrif um íslensk fornrit/norrænar fornbókmenntir á árunum 1780-1918 eru rannsökuð með tilliti til þeirra þjóðernishugmynda sem þar koma fram. Verkefnið er fjármagnað af Rannsóknasjóði en þátttakendur í rannsókninni aðrir en verkefnisstjórnir eru Matthew J. Driscoll, Kaupmannahöfn, Gottskálk Jensson, Kaupmannahöfn, Jon Gunnar Jørgensen, Oslo, Annette Lassen, Kaupmannahöfn, Julia Zernack, Frankfurt am Main, Simon Halink, Groningen og Hjalti Snær Ægisson, Reykjavík.

Heimilislausa leikhúsið

Verkefnastjóri fyrir RA hönd er Björg Árnadóttir

Verkefnið sem gengur undir heitinu Heimilislausa leikhúsið og hlaut EEA styrk er samstarfsverkefni Borgarinnar og RA við Divadlo bez Domova Heimilislausa leikhúsið í Bratislava en í því verkefni hefur kynning og innleiðing aðferðarinnar *Theatre of the Oppressed* í vinnu með fullorðnum verið megininntakið. Samstarfshluti verkefnisins hefur snúist um tvennt. Annars vegar smíðju sem haldin var í Bratislava í tengslum við leiklistarhátíðina ERROR í nóvember 2014 en þangað fóru þrír einstaklingar frá Íslandi, Björg Árnadóttir frá RA og félagsráðgjafarnir Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir (Gistiskýli, Granda) og Ragnheiður Elfa Arnadóttir (Grettistak) frá Reykjavíkurborg; hins vegar smíðju sem haldin verður hér í Reykjavík vorið 2015. Málþing RA og Reykjavíkurborgar árið 2015 verður síðan byggt á þessu verkefni en 15. maí verður haldið málþing í Iðnó undir yfirskriftinni Valdefling – skapandi aðferðir í vinnu með fullorðnum þar sem hugtökin valdefling og sköpun verða skoðuð í fræðilegu ljósi auk þess sem sólskinssögur verða sagðar.

Önnur verkefni innan ReykjavíkurAkademíunnar

Pre-Christian Religions of the North

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA: Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur.

RA er lykilþátttakandi í alþjóðlegu samstarfsverkefni ásamt Snorrastofu í Reykholti og Háskóla Íslands um útgáfu fjölbinda yfirlitsrits um rannsóknir síðustu áratuga í norrænni goðafræði. Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur og situr Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur einnig í aðalstjórn verkefnisins. Ingunn er auk þess fulltrúi stjórnar í einni af þremur ritnefndum verkefnisins.

Verkefnið er afar viðamiklað en komið vel á veg. Fáeinir minni háttar styrkir hafa fengist hérlendis, aðallega frá Rannsóknasjóði Háskólans, til að standa undir gagnaskráningu en aðallega hefur verkefnið verið styrkt af erlendum aðilum og fara þar Ástralir og Svíar fremstir í flokki með þeim árangri að brátt sér fyrir endann á verkefninu. Í byrjun árs 2015 fékkst síðan 5 milljón króna styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins.

Þátttakendur í verkefninu eru fjölmargir af fremstu fræðimönnum heims á sviði norrænnar goðafræði.

Ráðstefnur og málþing

H21 - Hugmyndir 21. aldarinnar.

Tvö málþing undir merkjum *H-21* eða *Hugmyndir 21. Aldarinnar* voru haldin á árinu 2014. Hið fyrra var haldið 5. apríl 2015 og bar yfirskriftina „Vald ástríðna – Ástríður valds“.

Framsögumenn voru: Guðrún Ingólfssdóttir doktor í íslenskum fræðum, Benedikt Hjartarson doktor í bókmenntum, Lára Magnúsdóttir doktor í sagnfræði og Björn Þorsteinsson doktor í heimspeki. Umræðustjóri var Þorgerður Þorvaldsdóttir.

Hið seinna var haldið 27. september og bar yfirskriftina „NÚ – ENDURHEIMT“.

Framsögumenn á því málþingi voru: Elsa Eiríksdóttir, Unnur G. Óttarsdóttir, Páll Jakob Líndal og Magnús Gestsson. Umræðustjóri var Guðrún Ingólfssdóttir.

Markmið H21 málþinganna er að stuðla að þverfaglegri umræðu innan félags- og hugvísinda um strauma og stefnur í mannvísindum samtímans. Á hverju málþingi er stefnt saman fjórum fræðimönnum á sviði félags- og hugvísinda og þeir fengnir til að kynna rannsóknir sínar, ræða kenningarlegar undirstöður og tengingu við fræðilega strauma samtímans. Auk fræðimannanna skimar umræðustjóri eftir sameiginlegum þráðum og skapar umræðu um fræðin. Reynt er að kynna það nýjasta í fræðunum hverju sinni með því að fá sem framsögumenn fólk sem nýlega hefur lokið doktorsnámi.

Leigumarkaðurinn á Íslandi

ReykjavíkurAkademían í samstarfi við Reykjavíkurborg, Félagsfræðingafélag Íslands og meistaranámsbraut LbhÍ í skipulagsfræði stóðu fyrir ráðstefnu um stöðu leigjenda og ástandið á leigumarkaðnum 11. apríl 2014. Málþingið er það fyrsta af vonandi mörgum sem flokkast undir styrktarsamning borgarinnar við RA. Ráðstefnan hófst með ávarpi félags- og húsnæðismálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur. Í kjölfarið fluttu erindi Dr. Richard Ronald,

prófessor við Háskólann í Birmingham, Magnus Hammar, ritari Alþjóðasamtaka leigjenda, Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkur, Elín Björg Jónsdóttir formaður BSRB, Dr. Sigríður Kristjánsdóttir, lektor í skipulagsfræði við LbhÍ, Hólmsteinn Brekkan, framkvæmdastjóri Samtaka leigjenda, Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfraeðingur í ReykjavíkurAkademíunni og Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni. Málþinginu lauk síðan með pallborði sem Þóra Arnórsdóttir starfsmaður RÚV stjórnaði.

Samstarf ReykjavíkurAkademíunnar við Sögufélagið og ýmis fræðafélög

Samstarf ReykjavíkurAkademíunnar við Sögufélagið og þau ýmsu fræðafélög sem skráð eru í Félag RA var með svipuðu móti og síðustu ár. Haldnir voru sameiginlegir bókafundir með Sögufélaginu og félögin héldu mörg hver fræða- og félagsfundina í húsakynnum RA. Nýtt félag bættist í hóp þeirra sem nú þegar eru í húsi það er Tónlistarakademía Íslands – félag doktora í tónlist. RA og Attac á Íslandi voru síðan með fund í febrúar 2014 um 5 ára afmæli janúarbyltingarinnar 2009.

Fræðimenn og fræðafélög innan ReykjavíkurAkademíunnar

Sjá heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar - www.akademia.is

Róttæki sumarháskólinn

Umsjónarmaður fyrir hönd RA: Ólafur Hrafn Júlíusson. Skólastjóri: Viðar Þorsteinsson.

Sjá heimasíðu Róttæka Sumarháskólans <http://sumarhaskolinn.org>

Góður gestur

Á útmánuðum sótti okkur heim og sat í tvo mánuði James McBryde Fulbright styrkþegi við rannsóknir á breyttum umhverfisáhrifum á Norðurskautssvæðunum. Samstarfskona hans í verkefninu var dr. Ragnhildur Sigurðardóttir vistfræðingur.